

Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1986

**XIV**

**Margrétarkot í landi Skildinganess.  
Fornleifakönnun**

Guðmundur Ólafsson



Reykjavík 1986/2005

© Guðmundur Ólafsson/Þjóðminjasafn Íslands\*

*Mynd á forsíðu sýnir sniðbakka húsgrunns við Skildinganes 22. Hleðslur og mannvistarlög sjást yfir svörtu gjóskulagi sem er líklega Katla ~1485. (GÓL-9121-8).*

\*Skýrsla þessi var upphaflega skrifuð 1986. Nú er hún endurútgefin í skýrsluröð Þjóðminjasafnsins með ljósmyndum og fundalista.

# Margrétarkot í landi Skildinganes.

## Fornleifakönnun 10. 7. 1986

### Aðdragandi

Þann 9. júlí var grafinn grunnur fyrir húsi Sigurðar Helgasonar að Skildinganesi 22, þar sem talið er að svonefnt Margrétarkot hafi áður staðið og hugsanlegt þar sem nefnt er Litla-Skildinganes í Jarðabók Árna Magnússonar og Bjarna Pálssonar frá 1703.<sup>1</sup>

Þór Magnússyni, þjóðminjaverði, var gert viðvart um framkvæmdirnar og lét hann Guðmund Ólafsson deildarstjóra forneifadeildar vita af þeim strax um kvöldið.




Skildinganes á herforingjaráðskorti 27 Reykjavík NA sem gefið var út 1936, ásamt nærmynd af svæðinu, tekin af Borgarvefsjá Reykjavíkur árið 2005. Rauð stjarna sýnir lóð Skildinganes 22.

### Vettvangskönnun

Um morguninn þann 10. júlí fór Guðmundur á vettvang og kannaði staðinn, ásamt Nínu Rós Ísberg, mannfræðinema. Verið var að ljúka við að grafa húsgrunn sem er um 16 m breiður og 21,6 m langur. Grafið hafði verið niður á fast og í gegn um öll mannvistarlög sem þarna kunna að hafa verið.

<sup>1</sup> Jarðabók Á M og B.P III. Bls. 231.



*Lausleg flatarteikning af húsgrunni og sýnilegum minjum á yfirborði umhverfis hann.  
(Teikn. GÓ.)*

Var ekki um annað en að skoða í sniðin sem myndast höfðu við að taka grunninn. Í norðurbakka hans komu fram grjóthleðslur og ofan á bakkanum sést móta fyrir útlínum byggingar. Þarna hefur grunnurinn skorið hluta af gamalli tóft. Hún er um 10 m breið og gengur um 6 m austur af norðvesturhorni grunnsins. Þessi tóft virðist ekki vera mjög gömul og eru bárujárnsleifar þar á milli veggja á um 0,4 m dýpi.

Í norðvesturbakka, sem snýr að sjó, eru veggjaleifar úr torfi og grjóti. Þykkt mannvistarlaga er um 0,7 m, en um 1,2 m þar sem hæstur er veggurinn. Uppi á bakkanum og vestur af honum er rabbabaragarður um 12 x 16 m í þvermál.

Tvö gjóskulög voru greinileg í sniðbakkanum. Öll mannvistarlög eru ofan á gjóskulaginu frá K~1485 og virðist búseta hefjast mjög skömmu eftir að það lag féll á svæðið. Undir gjóskulaginu er óhreyfð mold. Greina má svonefnt Miðaldalag frá 1226-32, er um 0,2 m neðan við K~1485, en það er fremur ógreinilegt. Landnámslagið sést ekki í sniðinu.

### **Örnefnaskrá**

Í Örnefnaskrá Skildinganes segir m.a. um Margrétarkot: „Margrétarkot stóð vestast í túninu (Garðatúni), niður við sjóinn... Þar er nú kálgarður. Harðarkot var byggt við Margrétarkot.”<sup>2</sup>

<sup>2</sup> Vilhjálmur S. Vilhjálmsson 1952: *Sigurður í Görðum*, bls. 18.



*Horft til norðurs yfir húsgrunninn. Sjá má leifar af hleðslum í sniðbökkum. (GÓL 9121-9). Seltjarnarnes er í baksýn.*

### **Niðurstaða.**

Búseta á þessum stað virðast vera yngri en frá um 1500. Líklega eru elstu minjarnar frá 16. öld. Minjar og mannvistarleifar sem sýnilegar á yfirborði eru líklega frá 19. öld og síðar.

Ekki virtist ástæða til að aðhafast frekar í þessu máli. Grunnurinn var þegar grafinn og ekki voru tök á að gera nánari rannsókn á staðnum.

### **Munir**

Í grunninum og einkum í NV-sniði fundust ýmsir munir, s.s. glerbrot, diskabrot o.fl. smálegt, flest frá 19. öld. Daginn eftir var komið með fleira dót á Þjóðminjasafnið sem gröfumenn höfðu tínt saman úr grunninum. Munirnir eru skráðir á Þjóðminjasafni í Sarp, undir númerunum 1986:521-562.